

Nd.

388. Nefndarálit

[194. mál]

um frv. til l. um nefnd til að kanna viðskipti Útvegsbanka Íslands og Hafskips hf.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Höfuðáherslu ber að leggja á það að allt verði gert, sem unnt er, til að rannsaka til hlítar hvort um óeðlilega viðskiptahætti var að ræða milli ríkisbankans og skipafélagsins.

Rannsókn á vegum skiptaráðanda er innan tiltekinna marka. Þess vegna hefði verið æskilegra að Alþingi hefði kosið sérstaka nefnd á vegum þingsins, sbr. 39. gr. stjórnarskrár. Um það varð ekki samkomulag.

Fyrsti minni hl. áréttar andstöðu sína við að Hæstarétti sé blandað inn í þetta mál, á þessu stigi, þar sem líklegt verður að teljast að málinu verði að lokum til hans vísað. Hins vegar hefur frv. tekið breytingum til bóta í meðferð efri deildar sem tryggja betur starfsaðstöðu nefndarinnar.

Þess vegna mælir 1. minni hl. með samþykkt frv.

Alþingi, 19. des. 1985.

Jón Baldvin Hannibalsson.